

Bókun

Í tillögum stjórnarskrárnefndar eru lagðar til veigamiklar breytingar á stjórnarskránni, m.a. atriði sem talið hefur verið brýnast að auka við stjórnarskrána. Við vinnu nefndarinnar hefur verið höfð hliðsjón af vinnu undanfarinna ára á þessu sviði.

1. Í tillögum nefndarinnar er skapaður farvegur fyrir kjósendur til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál. Lagt er til að fimmtán af hundraði kjósenda þurfi til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu og að til að hnekkja lögum eða ályktunum í þjóðaratkvæðagreiðslu þurfi meiri hluti, þó minnst fjórðungur kosningarbærra manna, að synja þeim samþykki. Reynslan hefur sýnt að raunhæft er að safna slíkum fjölda undirskrifta á tiltölulega skömmum tíma auk þess sem samþykkisþröskuldur er fjarri því ófyrstíganlegur þegar um umdeild mál er að tefla. Undirritaðir leggja á það áherslu að tillögurnar fela í sér réttindi fyrir kjósendur sem ekki eru fyrir hendi í núverandi stjórnskipan og miða að því mikilvæga markmiði að festa í sessi beint lýðræði á Íslandi.
2. Hugmyndir um sérstakt auðlindaákvæði í stjórnarskrá eiga sér langa forsögu og um þetta efni hafa skapast miklar deilur. Í frumvarpi nefndarinnar um auðlindir náttúru Íslands er m.a. mælt fyrir um að náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti séu þjóðareign. Gengið er út frá því að hugtakið þjóðareign feli sér sérstaka tegund eignarhalds til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila. Í þessu felst að ríkinu er fenginn hinn sérstaki eignarréttur á náttúruauðlindum í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur geti sannað eignarrétt sinn að þeim. Þá er í 3. mgr. ákvæðisins sett skilyrði fyrir veitingu heimilda til nýtingar auðlinda í eigu ríkisins og í þjóðareign og kveðið á um skyldu ríkisins til að taka að jafnaði eðlilegt gjald fyrir. Með tillögum nefndarinnar er leitast við að leiða til lykta þann langvarandi ágreining sem uppi hefur verið um inntak og túlkun hugtaka auðlindaákvæðis í stjórnarskrá. Að mati undirritaðra hefur verið gætt vandlega að því að tillögurnar standist eignarréttarvernd á grundvelli 72. gr. stjórnarskrárinnar.
3. Að mati undirritaðra er tímabært að ákvæði um umhverfi og náttúruvernd verði bætt við stjórnarskrána líkt og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir. Tillögurnar hafa að mati undirritaðra veik bein réttaráhrif og hafa fyrst og fremst þýðingu við almenna stefnumörkun stjórnvalda, við lagasetningu og við túlkun laga.

Einar Hugi Bjarnason, tilnefndur af Framsóknarflokki.

Jón Kristjánsson, tilnefndur af Framsóknarflokki.

Bókun

Mikið starf var unnið að stjórnarskrármálum á síðasta kjörtímabili þar sem haldinn var þjóðfundur um stjórnarskrána, kosið og skipað stjórnlagaráð sem skilaði drögum að nýrri stjórnarskrá sem fór svo til þinglegrar meðferðar sem ekki var lokið fyrir kosningar 2013. Í framhaldinu ákváðu núverandi stjórnarflokkar að skipa stjórnarskrárnefnd með þátttöku allra flokka á Alþingi sem skyldi vinna að tillögum um stjórnarskrárbreytingar og byggja á fyrri vinnu. Sú nefnd hefur nú fundað alls 54 sinnum um tillögur að þeim ákvæðum sem ákveðið var að forgangsraða í upphafi vinnunnar, þ.e. ákvæðum um auðlindir í þjóðareign, umhverfisvernd, þjóðaratkvæðagreiðslur og framsal valdheimilda.

Ákveðið var að senda tillögur að ákvæðum um auðlindir, umhverfisvernd og þjóðaratkvæðagreiðslur út til umsagnar meðal almennings en ekki náðist samstaða um ákvæði um framsal valdheimilda. Fjöl margar umsagnir bárust með mikilvægum ábendingum sem við undirrituð teljum að taka þurfi aukið tillit til við endanlegan frágang tillagnanna. Má þar nefna t.d. að setja þarf þriðju stoð Árósasáttmálans inn í ákvæðið um umhverfisvernd, sem og að kveða sérstaklega á um vernd víðernanna. Þá er talsverður skoðanamunur á því hvernig túlka beri hugtakið eðlilegt gjald í auðlindaákvæðinu og ágreiningur hefur ríkt um hvort og þá hversu háir þröskuldar eigi að vera í ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Við undirrituð teljum starf nefndarinnar um margt hafa verið gott. Öll höfum við reynt að leggja okkar af mörkum til að ná niðurstöðu. Ákvæðin eins og þau líta núna út eru afurð málamiðlunar auk þess sem ekki hefur verið nægjanlega unnið úr þeim umsögnum sem bárust.

Nú þegar kosningar hafa verið boðaðar í haust er orðið ljóst að tíminn er orðinn naumur til að ljúka þinglegri meðferð stjórnarskrárbreytinga á kjörtímabilinu. Það eru mikil vonbrigði að þessi vinna skuli ekki hafi gengið hraðar en sýnir mikilvægi þess að nýr meiri hluti á þingi forgangsraði því að ljúka þeirri vinnu sem hófst með þjóðfundi 2010 að afloknum kosningum í haust.

Aðalheiður Ámundadóttir, tilnefnd af Pírötum.

Katrín Jakobsdóttir, tilnefnd af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Róbert Marshall, tilnefndur af Bjartri framtíð.

Valgerður Bjarnadóttir, tilnefnd af Samfylkingunni.

Bókun

Frá því að stjórnarskrárnefnd tók til starfa síðla árs 2013 hefur vinnan mótast af tveimur meginsjónarmiðum. Annars vegar hefur verið gengið út frá því að áfangaskipta endurskoðunarvinnunni og taka fyrir afmarkaða þætti stjórnarskrárinnar í stað þess að leggja fram tillögur til heildarendurskoðunar. Hins vegar hefur verið lögð mikil áhersla á að sem víðtækust sátt gæti náðst um niðurstöðurnar. Bæði þessi sjónarmið eru í góðu samræmi við áherslur Sjálfstæðisflokksins í þeim miklu umræðum sem áttu sér stað um stjórnarskrármál á síðasta kjörtímabili. Í ljósi þessa höfum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni unnið með það að markmiði að unnt yrði að ná niðurstöðu sem fulltrúar sem flestra flokka gætu sætt sig við og höfum í því ljósi teyggt okkur lengra í átt til samkomulags í ákveðnum atriðum en við gerðum ráð fyrir í byrjun.

Þegar horft er til einstakra ákvæða eru nokkur atriði sem við viljum leggja sérstaka áherslu á. Í fyrsta lagi höfum við talið rétt að skapa í stjórnarskrá möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum að kröfu kjósenda. Það er hins vegar ekkert launungarmál að í þeim efnum höfum við viljað fara varfærari leiðir og ganga skemur en fulltrúar ýmissa annarra flokka. Byggist sú afstaða á þeirri skoðun okkar að fulltrúalýðræði og þingræði eigi áfram að vera megineinkenni stjórnskipunar okkar og að þjóðaratkvæðagreiðslum eigi ekki að beita nema í sérstökum tilvikum. Af þeim sökum höfum við lagt áherslu á að umtalsverðan hluta kjósenda þyrfti til að kalla fram þjóðarakvæðagreiðslur til að tryggja að raunverulega sé víðtækur áhugi meðal almennings á málefnum. Töldum við ekki ósanngjarnt að gera kröfu um 20% kosningarbærra manna í því sambandi en niðurstaðan varð hins vegar málamiðlun um 15%.

Í starfi nefndarinnar kom líka skýrt fram af okkur hálfu að nauðsynlegt væri að hafa svokallaðan synjunarþröskuld, þ.e. að til að synjun í atkvæðagreiðslu yrði bindandi þyrfti hún ekki aðeins að styðjast við meirihluta þeirra sem greiddu atkvæði heldur væri jafnframt gerð krafa um að tiltekið lágmarkshlutfall kosningarbærra manna styddi niðurstöðuna. Þetta var afar umdeilt atriði í starfi nefndarinnar en niðurstaðan varð málamiðlun á þá leið að til að synja lögum eða ályktunum Alþingis þyrfti meirihluta þeirra sem tækju þátt í atkvæðagreiðslunni og að lágmarki 25% kosningarbærra manna. Var það nokkuð lægra hlutfall en við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðum áherslu á.

Ákvæðið um auðlindir og auðlindanýtingu er að sama skapi niðurstaða málamiðlunar innan nefndarinnar. Við teljum niðurstöðuna viðunandi í ljósi þess að þar er hugmyndin um þjóðareign á auðlindum útfærð í stjórnarskrárákvæði en þess gætt um leið að ekki sé gengið á þau réttindi sem varin eru af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Ákvæði um umhverfi og náttúruvernd er stefnumarkandi á þeim sviðum sem það tekur til. Orðalag þess felur fremur í sér almennar stefnuýfirlýsingar en beinar réttarreglur en er í góðu samræmi við og styður þau sjónarmið sem ríkt hafa við lagasetningu og réttarþróun á þessu sviði á undanförunum árum.

Í ljósi stjórnsmálaástandsins er óvíst hvað nú tekur við þegar stjórnarskrárnefnd skilar forsætisráðherra niðurstöðum sínum í formi þriggja frumvarpa. Hvernig sem þróunin verður að því leyti á rétta fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þá afstöðu sína að við frekari vinnu við þessi frumvörp og aðrar hugsanlegar tillögur til stjórnarskrárbreytinga verði áfram leitast við að ná sem víðtækastri sátt um niðurstöðurnar.

Birgir Ármannsson, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki.

Valgerður Gunnarsdóttir, tilnefnd af Sjálfstæðisflokki.